

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 207/2015

2017/EES/19/11

frá 25. september 2015

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1322/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur og breytingar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2003 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013):

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 1322:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1322/2014 frá 19. september 2014 (Stjtið. ESB L 364, 18.12.2014, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013):

„40a. **32014 R 1322:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1322/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur og breytingar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2003 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtið. ESB L 364, 18.12.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1322/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2015 frá 25. febrúar 2015 ^(?), hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 364, 18.12.2014, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

^(?) Stjtið. ESB L 93, 7.4.2016, bls. 15, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 21, 7.4.2016, bls. 13.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.